

UM SKOÐANAGREINAR Á VÍSI

- *Vísir birtir skoðanagreinar. Greinar skulu standast almennar kröfur um málfar, stafsetningu, lengd, læsileika og sannleiksgildi staðhæfinga.*
- *Greinar mega ekki vera í andstöðu við lög, þar á meðal ákvæði um hatursorðræðu og ærumeiðingar. Ekki skulu birtar greinar ef ljóst þykir að tilgangurinn sé að auglýsa vöru eða þjónustu.*
- *Skoðanahluti Vísis er vettvangur skoðanaskipta en ekki vettvangur fréttatilkynninga, ræða, fræðigreina eða ályktana. Þá skulu greinar birtar í nafni einstaklinga, en ekki fyrirtækja, stofnana eða samtaka. Heimilt er að geta viðburðar, sem höfundur vill láta vita af, en það getur þó ekki verið höfuðinntak greinarinnar.*
- *Með grein skal fylgja titill og mynd af höfundi.*
- *Vísir áskilur sér allan rétt til þess að forgangsraða skoðanagreinum, hafna greinum, til dæmis þeim sem lýsa síendurteknum skoðunum höfundar, og að taka endanlega ákvörðun um birtingu einstakra greina.*